

Áætlun hafna í Dalvíkurbyggð um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar (HSD) rekur þrjár hafnir; Dalvíkurhöfn, Árskógssandshöfn og Hauganeshöfn. Dalvíkurbyggð er eigandi hafnanna. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn er falin veitu- og hafnaráði og hafnastjóra. Sveitarstjóri gegnir jafnframt embætti hafnarstjóra. Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar starfar skv. reglugerð 244/2008 fyrir hafnir Dalvíkurbyggðar.

Hafnir Dalvíkurbyggðar fylgja samþykktri umhverfisstefnu, sjá heimasíðu, og er móttaka úrgangs frá skipum einn þeirra þátta sem þar er tekið á. Áætlun þessi er í samræmi við reglugerð nr. 1200/2014, um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum, um öll skip sem koma til hafnar í Dalvíkurbyggð.

Almennar upplýsingar um hafnir Dalvíkurbyggðar

Stjórnsýsluupplýsingar

Áætlun útgefin:	31.01.2017
Höfn:	Hafnir Dalvíkurbyggðar: Dalvíkurhöfn, Árskógssandshöfn og Hauganeshöfn
Hafnarstarfsemi:	Blönduð hafnarstarfsemi
Heimilisfang:	Ráðhúsinu, 620 Dalvík
Tengiliður:	Hafnavörður
Sími:	460 4934, 863 0146
Fax:	466 1063
Tölvupóstur:	hafnir@dalvikurbyggd.is

Stutt lýsing á höfninni á Dalvík


Siglingarleið að höfninni er greið. Snúningsþvermál innan hafnar er um 100 m. Flutningaskip, sem leggjast að Norðurgarði snúa utan hafnar. Í innsiglingu er 7 - 8 m dýpi. Snúningssvæði innan hafnar er með 6 - 7 m dýpi. Meiripartur af bryggjuhlássi er með yfir 6 m dýpi. Í smábátahöfn er dýpi um 2 m. Höfnin er örugg í öllum veðrum og kantar í A - B flokki. Skjól er fyrir smábáta í smábátahöfninni. Í höfninni er aðstaða vegna Grímseyjarferju.

Athafnasvæði við Norðurgarð er gott, gá mavöllur um 6.000 m². Góð aðstaða er fyrir flutningaskip við Norðurgarð. Hafnarmynnið er 40 m breitt og takmarkar það stærð skipa. Gámalyftari fyrir 40 ft. gáma er á vegum skipaafgreiðslunnar. 60 t. bílavog og vogarhús er við Norðurgarð. Höfnin á auk þess pallvog, löndunarkranar eru efst við Norðurgarð. Fjöldi skipakoma stærri skipa í Dalvíkurhöfn árið 2016 var eftirfarandi: 92 komur togara, 28 komur stærri fiskiskipa og 5 komur flutningaskipa. Auka þessa var svo nokkur fjöldi smábáta sem á heimahöfn á Dalvík eða lagði upp þar frá tíma til tíma.

Tveir læstir gámar fyrir úrgang eru á löndunarbryggju (Norðurgarði). Jafnframt er tankur til að losa úrgangsolúu við ljósamastur á miðri löndunarbryggju. Einn læstur gámur er fyrir úrgang á




ferjubryggju í Dalvíkurhöfn og þjónar hann einnig smábátabryggjum. Þar er einnig tankur fyrir úrgangsolíu. Þá er á athafnasvæði gámur fyrir brotajárn.



Stutt lýsing á höfninni á Árskógssandi:

Siglingarleið að höfninni er greið. Sæflötur í skjóli hafnargarðs á Árskógssandi er um 8.000 m². Við enda hafnargarðs er um 6 m dýpi og botn hallar út á meira dýpi. Byggð var bryggja fyrir Hríseyjarferjuna árið 1987. Upptökubraut fyrir smábáta er inni í höfninni. Höfnin á pallavog og 2 löndunarkranar eru staðsettir efst á löndunarbryggju.

Læstur gámur er fyrir úrgang efst á löndunarbryggju. Tankur fyrir úrgangsolíu er á sama stað.



Stutt lýsing á höfninni á Hauganesi:

Siglingarleið að höfninni er greið. Á Hauganesi er opin bryggja. Það er um 6 m dýpi við enda hafnargarðsins og botn hallar út á meira dýpi. Dýpið við Hauganesbryggju er 3 - 4 m. Höfnin á pallavog og löndunarkrani er staðsettur á miðri bryggju. Á Hauganesi eru fáar landanir og einungis smábátar en þar eru gerðir út tveir bátar til hvalaskoðunar. Engin móttaka er fyrir úrgang við Hauganeshöfn. Höfnin er ekki skilgreind í grunnneti hafna.

Úrgangsaætlun

Grundvöllur þessarar áætlunar eru reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum og um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 með síðari breytingum, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með síðari breytingum, MARPOL- samningurinn um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá árinu 1973 ásamt bókun frá árinu 1978 (MARPOL 73/78), með tilheyrandi reglugerð nr. 801/2004 um varnir

gegn sorpmengun frá skipum, með síðari breytingum og reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

1. Starfsmenn Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar (HSD) taka við beiðnum skipstjóra um móttöku á úrgangi og gera viðeigandi ráðstafanir um móttöku hans og förgun, enda hafi ósk um þessa þjónustu verið komið á framfæri um leið og tilkynnt er um komu til hafnar. Gjald fyrir þjónustu þessa nemur þeim kostnaði sem móttaka úrgangsins og förgun hefur í för með sér samkvæmt gjaldskrá HSD, sjá heimasíðu Dalvíkurbyggðar.
<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Adalvefur/Gjaldskrar/2018/hafnasjodur-gjaldskra-2018-fra-1.-jan.-2018.pdf>.
2. Umboðsmenn þeirra flutningaskipa sem hafa viðkomu í Dalvíkurhöfn skulu ábyrgjast að viðkomandi skip skili úrgangi til viðurkenndrar móttökustöðvar og sjá til þess að upplýsingar um magn úrgangs sem tekinn hefur verið á land skili sér til starfsmanns HSD eigi síðar en við brottför skipsins. Formeðferð á úrgangi fer ekki fram í höfnum Dalvíkurbyggðar en tekið er á móti flokkuðum úrgangi.
3. Skipstjórar annarra skipa en um getur í 2. tl. bera ábyrgð á því að úrgangi frá skipum þeirra sé skilað í móttökustöð áður en látið er úr höfn og að upplýsingum um magn móttekis úrgangs sé skilað til starfsmanna HSD.
4. Olíuúrgangi og hættulegum efnum skulu öll skip undantekningarlaust skila til viðurkennds móttökuaðila og ber skipstjóri skips ábyrgð á því að svo sé gert. Á hafnasvæðum HSD er aðstaða til losunar á olíuúrgangi, sem stendur öllum skipum til boða og Olíudreifing hf. sér um að losa. Greiðslur fyrir þessa þjónustu eru inntar af hendi til Olíudreifingar hf.
5. Skipstjóri skips sem er á leið til hafnar ber ábyrgð á að eyðublað um úrgang og farmleifar sé fyllt út með réttum upplýsingum og að koma því til starfsmanns HSD. Hafnarverðir leiðbeina skipstjórum um þá þjónustu sem óskað er eftir. HSD hefur falið þjónustuaðila að sjá um móttöku á úrgangi frá skipum í þeim tilvikum sem þarf og óskað er eftir. Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning. Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).

6. Þörf á aðstöðu fyrir móttöku á úrgangi hjá HSD er metin út frá reynslu áranna 2012 – 2017 og aðstaða í samræmi við þær þarfir sem þekktar eru á þeim tíma. Þjónusta við skip og útgerðir er í höndum hafnarstarfsmanna eftir því sem við á, en annars í höndum eigenda skipa og farmflytjenda. Stuðst er við þjónustu viðurkenndra móttöku- og förgunaraðila á úrgangi.
7. Úrgangi er skipt í fimm meginflokka og eru byggðir á þeim flokkum sem skilgreindir eru í viðauka MARPOL- samningsins. Flokkunin, aðferðir við móttöku, ráðstöfun og fyrirkomulag greiðslu koma fram á sérstöku fylgiblaði; Úrgangsflokkar: almennt sorp 33.590 kg, úrgangsolía 20.250 lítr. og spilliefni 0 kg.
8. Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarvarðar á netfangið hafnir@dalvikurbyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.
Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrivalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:
(<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>)
Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:
<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe> .
9. Hafnastjóri HSD ber ábyrgð á fyrirkomulagi móttöku úrgangs og farmleifa hjá HSD. Starfsmenn hafnanna annast daglegan rekstur móttökunnar og annast samskipti við skipstjóra og eigendur eða umboðsmenn skipa.

Gildistími og endurskoðun

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum ber að endurskoða áætlun þessa um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti og/eða eftir meiriháttar breytingar á rekstri hafnar. Næsta endurskoðun fer því fram eigi síðar en árið 2019.

Upplýsingar vegna losunar úrgangs í höfnum Dalvíkurbyggðar

Tilgangur þessarar áætlunar er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að skil séu til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Óski skip eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við starfsmann hafnarinnar í síma 460 4933 og tilkynna um losun.

Þetta á einnig við þegar skip og bátar losa úrgang í þar til gerð sorpílát sem staðsett eru á viðkomandi hafnarsvæði. Tilkynna skal hafnarstarfsmanni um losunina, magn og tegund úrgangs. Allur úrgangur skal vera flokkaður og umbúðir merktar viðkomandi úrgangsflokki þannig að ekki fari á milli mála um hvers konar úrgang er að ræða.

Allur úrgangur sem settur er í land skal skráður og fær skip afrit af móttökukvittun frá höfninni.

Mynd af staðsetningu sorpmóttökubúnaðar er að finna á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

Um kostnað fer skv. gjaldskrá Hafnarsjóðs Dalvíkurbyggðar og gjaldskrá Gámaþjónustu Norðurlands ehf./Endurvinnslustöðvar á Dalvík. Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila s.s. vegna olíuúrgangs eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

Listi yfir þjónustuaðila:

Gámaþjónusta Norðurlands ehf.

sími: 414 0200 Almennur úrgangur

Olíudreifing ehf.

sími: 550 9910 Úrgangsolía

Fura ehf.

sími: 893 1123 Brotajárn

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna eða beint hafnastjóra Dalvíkurbyggðar. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnastjóra/hafnavarðar Dalvíkurbyggðar runar@dalvikurbyggd.is Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.